



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga um göngugötu í Hafnarstræti

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Hafnarstræti, milli Kolasunds og Tryggvagötu verð i göngugata með undantekningu fyrir vörulosun kl. 07-11 á virkum dögum en kl. 08-11 á laugardögum og sunnudögum

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Í tillögu umhverfis- og skipulagssviðs til umhverfis- og skipulagsráðs dags. 27. september 2017 var lagt til að Hafnarstræti yrði vistgata vestan Kolasunds og göngugata austan við Kolasund. Af ástæðum sem eru ókunnugar virðist sem eingöngu hafi verið samþykkt að Hafnarstræti væri vistgata milli Kolasunds og Pósthússtrætis. Í bréfi sem sent var Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar samþykktarinnar, dags. 5. október 2017, er eingöngu lagt til að Hafnarstræti sé vistgata vestan Kolasunds að Pósthússtræti. Samkvæmt þágildandi umferðarlögum nr. 50/1987 var það lögreglustjóri sem kvað á um varanleg sérákvæði, að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Í bréfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 1. júlí 2018 kemur fram að að lögreglustjórinn hafi ákveðið að Hafnarstræti frá Kolasundi að Pósthússtræti verði vistgata og að auglýsing þess efnis hafi verið sent til birtingar í stjórnartíðindum. Var sú auglýsing birt í Stjórnartíðindum þann 13. júlí 2018, nr. 708/2018.

Upp voru sett skilti um göngugötu í Hafnarstræti eftir birtingu auglýsingarinnar en voru þau tekin niður þegar framkvæmdir hófust við Hafnarstræti 18. Nú er framkvæmdum að ljúka á svæðinu og því er lagt til að tillaga um göngugötu á Hafnarstræti milli Kolasunds og Tryggvagötu sé samþykkt svo unnt sé að merkja svæðið að nýju í samræmi við núverandi og ætlaða notkun á svæðinu..

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri



Reykjavíkurborg



Tillagan nær til blámerkta svæðisins.



Hafnarstræti horft frá Tryggvagötu (ja.is júlí 2019)